

Annar fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 13. febrúar 2025, klukkan 20:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Veronika G. Sigurvinsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það mál nr. 2 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga Drög að samþykktum lögð fram til annarar umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (5.11.2024).

2. Vegamál
Vegagerðin hefur lýst yfir hættuástandi vegna malbiksblæðinga á vegum á Snæfellsnesi. Í gildi er hættustig vegna malbiksblæðinga yfir Vatnaleið, undir Hafursfelli og að Heydalsafleggjara, auk annarra vega í umdæminu. Það er með öllu ólíðandi fyrir vegfarendur þar sem að þetta hefur áhrif á umferðaröryggi, takmarkar flutninga og veldur eignartjóni.

Sveitarstjórn krefst tafarlausra aðgerða til varanlegra úrbóta í vegamálum á Snæfellsnesi.

Oddvita falið að senda bókun á ráðherra samgöngumála, Vegagerð og þingmenn NV-kjördæmis.

3. Fundargerð framkvæmdastjórnar Byggðasamlags Snæfellinga, 14.12.2024 Fundargerð lögð fram til kynningar.
4. Fundargerð 960. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga Fundargerð lögð fram til kynningar.
5. Fundargerð 962. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga Fundargerð lögð fram til kynningar.
6. Fundargerð 963. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga Fundargerð lögð fram til kynningar.

7. Trúnaðarmál
Fundir lokað og mál fært í trúnaðarbók.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundir slitið kl. 21:00.

Herdís Þórðardóttir – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Þróstur Aðalbjarnarson – sign

Sigurbjörg Ottesen - sign